

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**um málskostnað í máli nr. 2/2017**

**Kæra á ákvörðun PFS, nr. 19/2016, um álagningu dagsekta á 365 miðla ehf.**

**I.**

Með kæru, dags. 12. janúar 2017, kærðu 365 miðlar ehf., (kærandi), ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), nr. 19/2016, um álagningu dagsekta á 365 miðla ehf.

Í hinni kærðu ákvörðun var það niðurstaða PFS að kærandi hefði vanefnt a.-lið í 1. gr. viðauka II. um breytingar á tíðniheimild A á 800 MHz tíðnisviðinu, upphaflega gefin þann 3. apríl 2013, með því að byggja ekki upp háhraða farnet, með 10Mb/s gagnaflutningshraða, sem nær til 70% landsmanna fyrir þann 1. október 2016. Þá var það niðurstaða PFS að hinn 16. janúar 2017 yrðu lagðar á kæranda dagsektir að fjárhæð kr. 100.000 fyrir hvern dag sem líði þar til byggt hafi verið háhraða farnet, með 10Mb/s gagnaflutningshraða, sem nær til 70% landsmanna. Kom einnig fram í hinni kærðu ákvörðun að uppsöfnuð sektarfjárhæð yrði innheimt á 14 daga fresti þar til skyldunni hefði verið fullnægt.

Af hálfu kæranda var þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Kærandi gerði einnig þá kröfu að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar yrði frestað meðan kæran væri til meðferðar hjá úrskurðarnefnd. PFS krafðist þess að kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa yrði hafnað.

Með úrskurði úrskurðarnefndarinnar hinn 9. febrúar 2017 var kröfu kæranda um að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar hafnað. Í úrskurðinum kom fram að ákvörðun um málskostnað biði efnisúrlausnar málsins.

Hinn 14. febrúar 2017 móttók úrskurðarnefndin greinargerð kæranda vegna málsins, þar sem reifuð voru sjónarmið kæranda í tengslum við efnisúrslausn málsins. Var kæra og greinargerð send til PFS til umsagnar hinn 17. febrúar 2017 og hafði PFS frest til og með 10. mars 2017 til þess að skila umsögn til nefndarinnar.

Kærandi afturkallaði kæru sína með tölvuskeyti til úrskurðarnefndarinnar hinn 3. mars 2017. Hefur mál úrskurðarnefndarinnar nr. 2/2017 því verið látið niður falla.

Með vísan til framangreinds er einvörðungu sá þáttur málsins er lýtur að málskostnaði vegna málsins tekinn til meðferðar í úrskurði þessum.

## II.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, sbr. einnig 12. gr. reglugerðar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nr. 36/2009, skal úrskurðarnefnd kveða á um fjárhæð og skiptingu málskostnaðar í úrskurðarorðum sínum. Þá segir að ef mál tapast í grundvallaratriðum skuli sá málsaðili sem tapar að jafnaði greiða málskostnað.

Rétt þykir, í ljósi atvika málsins, að skipta málskostnaði, samtals að fjárhæð 1.134.965 kr., á þann veg að kærandi beri 3/5 hluta hans en 2/5 hlutar greiðist úr ríkissjóði.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

## V. Úrskurðarorð

**Málskostnaður í máli nr. 2/2017 skiptist þannig að kærandi greiði 680.979 kr., að frádregnu málskotsgjaldi að fjárhæð 150.000 kr., en 453.986 kr. greiðist úr ríkissjóði.**

Reykjavík, 8. mars 2017

Þórður Bogason

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Kirstín Þ. Flygenring